

veiðileyfishafa. Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum er einnig skylt að afla sýna eða annarra líffræðilegra gagna fyrir veiðistjóraembættið sé farið fram á það.

Starfsleyfi eftirlitsmanns með hreindýraveiðum skal bundið við tiltekið veiðisvæði og getur hann mest fylgt þremur veiðimönnum í veiðiferð.

Eftirlitsmaður með hreindýraveiðum er trúnaðarmaður hreindýraráðs.

Hreindýraráð skal halda námskeið fyrir leiðsögumenn sbr. 3. tl. 12. gr. fyrir 15. ágúst 2001.

Endurskoða skal reglugerð þessa með hliðsjón af fenginni reynslu og skal því lokið eigi síðar en 1. júlí 2003. Við þá endurskoðun skal sérstaklega huga að hlutverki og starfsemi eftirlitsmanna og leiðsögumanna.

Umhverfisstjórnuneytinu, 3. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 451/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntollir vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar.

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	04.07.-08.07.00	ótilgr.	15%	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu 3. júlí 2000.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.